



Fundur Foreldraráðs Naustatjarnar og skólastjórnenda, haldinn 26. október 2016 kl. 15:00 á Naustatjörn/ samtalsherbergi.

Fulltrúar foreldra í Foreldraráði: Anna Rósa Halldórssdóttir (BG), Ásthildur K. Júlíusdóttir (VV/FB), Þóra Hlynsdóttir (TH). Fulltrúar skóla í foreldraráði: Jónína Hauksdóttir skólastjóri. Þórlaug Þorfinnsdóttir aðstoðarskólastjóri var veik.

Dagskrá fundar:

Kynning á meðlimum Foreldraráðs.

Fundarmenn kynna sig.

Farið yfir hlutverk Foreldraráðs samkvæmt lögum um leikskóla.

Lesið upp úr lögum um leikskóla hvert hlutverk foreldraráðs er.

Skipting verka (formaður, varaformaður, ritari, meðstjórnendur).

Formaður: Anna Rósa Halldórssdóttir

Varaformaður: Þóra Hlynsdóttir

Ritari: Þórlaug Þorfinnsdóttir

Meðstjórnendur: Ásthildur K. Júlíusdóttir og Jónína Hauksdóttir

Starfsreglur Foreldraráðs endurskoðaðar.

Starfsreglur Foreldraráðs lesnar og þeim breytt örlítið. Nýju reglurnar eru eftirfarandi:

- Fjöldi funda. Einn fundur er í október og einn fundur er í febrúar/mars ár hvert. Annars er boðað til funda eftir þörfum. Bæði fulltrúar foreldra og skólastjórnendur geta boðað til aukafundar.
- Aðgengi annarra foreldra að fundargerðum. Ritari sendir fundargerð til stjórnenda í tölvupósti sem sett verður inn á síðu Foreldraráðs. Þar er fundargerðin opin öllum foreldrum.
- Mál til umsagnar. Foreldraráð gefur m.a. umsagnir um Skólanámskrá, Foreldrahandbók og skóladagatal. Einnig um allar meiri háttar breytingar á skólastarfinu.

Starfsáætlun skólans fyrir 2016 – 2017.

Fulltrúar foreldra yfirfara Starfsáætlun skólans, fylla út gátlista og samþykka.

Almennt um starfið í skólanum.

Starfið gengur vel þetta haustið. Aldursbreytingarnar á Tjarnarhóli og Búðargili sem gerðar voru í júní s.l. eru mjög jákvæðar m.t.t. hljóðvistar. Kennsluáætlanir deilda og Samstarfsáætlanir Naustatjarnar og Naustaskóla kynntar á vef skólans.

Önnur mál.

Fulltrúar foreldra spyrja hvar mál eru stödd varðandi þá hugmynd að foreldrar hætti að koma með töskur í forstofu og geymi í þess stað aukaföt í körfum. Einnig er hægt að koma með tautöskur. Ástæða þessar fyrirhuguðu breytinga er vegna hljóðvistar en í hávaðamælingum kom í ljós að mikill hávaði skapast af töskum barnanna, bæði þegar þær skella í gólfíð og eins er mikið skráf í stóru pokunum sem mörg barnanna koma með í skólann.

Fulltrúar foreldra spyrja hvort börnin á Fífilbrekku geti fengið eins körfur í forstofu og börnin á Sunnhvoli eru með. Gert er ráð fyrir því á nýju fjárhagsári.

Fulltrúar foreldra óska eftir því að haldið verði foreldranámskeið í Jákvæðum aga. Nefna þeir að góð tímasetning væri annað hvort eftir kvöldmat eða á laugardagsmorgnum. Möguleg þáttaka könnuð í byrjun næsta árs.

Fundi slitið kl. 16:00.

Jónína Hauksdóttir.